

Þú lest það hér

Föstudagsmolinn

“
Auðvelt er að lofa,
örðugt að efna
”

Framundan

Mánudagur 6. apríl - ANNAR Í PÁSKUM

Þriðjudagur 7. apríl

Matseðill: Lasagna, grænmeti og salat

- skólahjúkrun í 5., 9. og 10. bekk

Miðvikudagur 8. apríl

Matseðill: Ofnbakað lamb, kartöflur,
brún sósa, grænmeti og salat

- 10. bekkur í heimsókn hjá

Menntaskóla Borgarfjarðar

Fimmtudagur 9. apríl

Matseðill: Soðinn þorskur, kartöflur,
rúgbrauð, smjörlaukur, grænmeti og
salat

Föstudagur 10. apríl

Matseðill: Svínasnitzel, brún sósa,
rauðkál, baunir, kartöflumús,
grænmeti og salat

6. apríl - 10. apríl 2026



Kári í úrslit

8. og 9. bekkur eru búin að taka þátt í Pangea stærðfræðikeppninni á þessu ári. Tvær umferðir hafa farið fram hérna í skólanum og stóðu nemendur sig svakalega vel. Úrslitakeppnin fer svo fram í Reykjavík og þar munum við eiga einn fulltrúa þar sem Guðmundur Kári komst áfram í úrslitakeppnina.

Keppnin er haldin í yfir 20 löndum í Evrópu.

97 nemendum er boðin þátttaka í úrslitakeppninni, 52 úr 8. bekk og 45 úr 9. bekk, en upprunalega voru 4.694 nemendur skráðir úr 62 skólum, 2.432 úr 8. bekk og 2.262 úr 9. bekk!

Keppnin er því stór og árangur Guðmundar Kára einstakt afrek. Við hlökkum til að fylgjast með honum í lokakeppninni sem haldin verður í Menntaskólanum við Hamrahlíð 18. apríl.

“
Brigðult er lán sem
brothætt gler
”

“
Ekki er gaman
nema gott sé
”

Páskabingó!

Páskabingó
foreldra- og
vinafélags
tónlistarskólans
verður þriðjudaginn
31. mars kl. 16:00 í
matsal skólans.

Sjóræningar skipta ekki um bleiur

Nemendur í 2. bekk hafa verið að vinna með bókina „Sjóræningar skipta ekki um bleiur“. Skemmtileg og skapandi vinna hjá þeim.

Nemendur í 1. bekk mála með fingrum í sköpun.

3.-4. og 6.-7. bekkur hafa verið að vinna með þemað „Gamli tíminn“. Þau fóru í heimsókn til 9 eldri borgara og tóku viðtöl við þá og spjölluðu, bjuggu til alls kyns gömul tæki og tól úr pappa, leir, teiknuðu myndir frá gamla tímanum, söfnuðu heilræðum frá börnum og fullorðnum og margt fleira.



“Allir vilja elli bíða,
en enginn hennar
mein líða.”

